

## STARFSREGLUR STJÓRNAR MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK

Skólinn skal rekinn í því skyni að veita fræðslu og þjálfun á sviði sjónlista, innsýn í listasögu og ýta undir persónulega, listræna tjáningu. Þannig skal skólinn stuðla að almennri menntun og meðvitund um gildi lista og menningar og víxlverkun þessara þátta við samfélagið, manngert umhverfi þess og náttúru. Stjórn skólans er skólastjóra til stuðnings og eftirlits við rekstur skólans, mótun stefnu og úrlausnir ýmissa markmiða og verkefna sem skólanum ber að inna af hendi. Á stjórnarfundum fer reglulega fram umræða um innihald námsins og gæði skólastarfsins.

Stjórn hittist einu sinni í mánuði að jafnaði nema þörf sé á öðru. Skólastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum. Formaður stjórnar boðar til reglulegra funda. Skólastjóri og formaður stjórnar eru í tíðara sambandi eftir því sem þörf er á og upplýsa aðra stjórnarmenn um þau samskipti ef þurfa þykir. Einstakir stjórnarmenn og skólastjóri geta farið fram á að haldinn sé fundur telji þeir ástæðu til.

Dagskrá funda skal send út með fyrirvara og stjórn heldur fundargerðir sem sendar eru til stjórnarmanna til yfirferðar og samþykktar. Starfsáætlun komandi árs er yfirfarin í janúar ár hvert.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur mönnum. Jafnframt eru við skipan á aðalmönnum í stjórn skipaðir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stjórnin skal kosin til þriggja ára. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn, þó aldrei til lengri tíma en 6 ára samanlagt. Stjórn tryggir að samhengi sé í mönnun stjórnar og að ekki allir stjórnarmenn hverfi úr stjórn á sama tíma.

Stjórnarmenn eru kjörnir á aðalfundi Félags Myndlistaskólans í Reykjavík. Við val stjórnarmanna ræður einfaldur meirihluti. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og er formaður stjórnar kosinn á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund. Skólastjóri stýrir öllum daglegum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar.

Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi skólans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin er ábyrg fyrir fjárreiðum stofnunarinnar og ber að upplýsa stjórn Félags Myndlistaskólans í Reykjavík um starfsemina sé þess óskað. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar hefur prókúrumboð sem framselt er til skólastjóra. Stjórnarfundir eru lögmetir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála.

Í samþykktum félagsins er kveðið á um að skólastjóri fari með prókúru í umboði stjórnar og hafi með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og komi fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Skólastjóri upplýsir stjórn um fjárhag og rekstur, verkefni, starfsmannamál og annað sem varðar meginþætti í rekstri skólans eða annað það sem stjórnarmenn biðja um upplýsingar um. Samþykki stjórnar þarf til að gera veigamiklar breytingar á rekstri skólans.